

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður



Reykjavík 30. júní 2015
UST201506-064/H.G.G.
10.04.02

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 - 2027 og tillaga að deiliskipulagi aksturs- og skotíþróttasvæðis vestan Bjarga

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 8. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 og tillögu að deiliskipulagi aksturs- og skotíþróttasvæðis í Fjarðabyggð.

Aðalskipulagstillagan felur í sér tvær breytingar frá fyrra skipulagi. Annars vegar að skotíþróttasvæði er áður hafði verið ætlaður staður ofan Kolabotna við Eskifjörð verði í staðinn markað svæði í hlíðinni austan Reyðarfjarðar, vestan Ljósár. Hins vegar felur tillagan í sér stækkun á akstursíþróttasvæði austan við byggðina í Reyðarfirði, vestan Bjarga. Tillaga að deiliskipulagi aksturs- og skotíþróttasvæðis er lögð fram samhliða breyttu aðalskipulagi. Á skipulagssvæðinu eru ekki náttúruminjar á náttúruminjasrá eða náttúruminjar er njóta sérstakrar verndar 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Skipulagssvæðið

Fyrirhuguð er stækkun á akstursíþróttasvæði austan byggðar í Reyðarfirði til norðurs og suðurs um 6,3 ha samtals. Svæðið er um 1,6 km frá næstu byggð. Því hefur nú þegar verið raskað, bæði í tengslum við núverandi akstursíþróttasvæði og vegna uppbyggingar tengdri framkvæmdum Fjarðaáls. Frekari uppbygging og framkvæmdir eru áætlaðar á svæðinu, s.s. aðstöðuhús, fleiri brautarsvæði og bílastæði.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við stækkun á akstursíþróttasvæði en bendir á mikilvægi þess að umhverfisfrágangur verði vandaður og í samræmi við markmið deiliskipulagstillögunnar.

Nýtt skotíþróttasvæði í Reyðarfirði er áætlað vestan Ljósár, um 1,7 km frá næstu byggð í Reyðarfirði. Vegslóði liggur þegar að svæðinu. Auk bílastæðis, skotskýla, skotvalla og hljóðmana er byggingarreitur afmarkaður innan skipulagssvæðisins og er þar heimilt að reisa aðstöðuhús. Fram kemur í tillögu að breyttu aðalskipulagi að skipulagssvæðið sé nú lítt raskað og að nágrenni þess geti verið nýtt til almennrar útivistar. Umhverfisstofnun bendir á að misræmis varðandi stærð skotíþróttasvæðisins gætir á milli deiliskipulagss og annarra gagna. Í deiliskipulaginu er svæðið sagt 12,8 ha en 10,6 ha í úrdrætti úr greinargerð .

Umhverfisstofnu tekur undir að skotíþróttasvæði verði staðsett vestan Ljósár frekar en austan. Stofnunin bendir þó á mikilvægi þess að forðast óþarfa rask á ósnortnu landi, sér í lagi votlendi. Stofnunin tekur undir að allur umhverfisfrágangur á svæðinu verði vandaður, ekki síst við árfarveg Ljósár, að ásýnd svæðisins falli vel að óröskuðu umhverfinu og tekið verði tillit til þess að svæðið geti verið nýtt til almennrar útivistar. Umhverfisstofnu bendir á að skv. 5.3.2.14 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 skuli ekki reisa mannvirki nær ám en 50 m.

Hljóðvist

Í minnisblaði Mannvits verkfræðistofu um hávaða frá motorcrossbraut í Reyðarfirði kemur fram að hljóðmengun frá núverandi akstursíþróttasvæði er undir skilgreindum viðmiðunarmörkum fyrir leyfilegan hávaða. Umhverfisstofnun bendir á að með auknum umsvifum á svæðinu geti forsendur hávaðamats breyst. Umhverfisstofnun tekur undir með niðurstöðu Mannvits um að skoða beri takmörkun á umferð um brautina að næturlagi og seint á kvöldin, þegar hávaði frá svæðinu gæti borist til íbúðabyggðar þótt hann yrði innan marka reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að tryggt verði að farartæki á svæðinu uppfylli kröfur Umferðarstofu um hámark hljóðgjafar.

Ekki hefur farið fram hávaðamat vegna skotíþróttasvæðis vestan Bjarga. Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi kemur fram að almennt megi gera ráð fyrir að hávaði vegna skotæfinga sé greinanlegur í 1 km rás frá æfingasvæði. Umhverfisstofnun tekur undir skipulagsákvæði í deiliskipulagstillögu um að unnt verði í leyfisveitingu að takmarka starfsemi á svæðinu vegna ónæðis í byggð. Stofnunin tekur einnig undir að reistar verði hljóðmanir til að draga úr líkum á hávaðamengun en bendir á að þess sé gætt að þær falli að umhverfi svæðisins.

Mengun, heilsa og öryggi

Bæði skot- og akstursíþróttasvæðið gætu haft í för með sér mengun, s.s. vegna olíu og spilliefna á akstursíþróttasvæði og blýmengun frá skothylkjum á skotíþróttasvæði, sem og neikvæð áhrif á heilsu og öryggi. Umhverfisstofnun tekur undir að sett verði ákvæði í framkvæmda- og starfsleyfi um umgengni þessara efna og um mengunarvarnir á verktíma. Stofnunin tekur undir að þær mótvægisáðgerðir sem kynntar eru í deiliskipulaginu minnki verulega líkurnar á mengun og neikvæðum áhrifum á heilsu og öryggi.


Veitur og sorp

Umhverfisstofnu bendir á að lagning fráveitu á skipulagssvæðinu þarf að samræmast reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst



Hrönn G. Guðmundsdóttir
Sérfræðingur



Björn Stefánsson
Sérfræðingur